

Gerð skjals: Fundargerð	Kvennaskólinn í Reykjavík	
Dags.: 8. maí 2025		
Tími: 14:00		
Staðsetning: Stofa A7 í aðalbyggingu		
Síða 1 af 1		

Tegund fundar Skólanefnd

Fundarstjóri	Kolfinna Jóhannesdóttir
Fundarritari	Guðný Rún Sigurðardóttir
Mætt	Stefán Hilmarsson, Bryndís Eva Sverrisdóttir, Diljá Ámundadóttir Zoega, Valgerður S. Kristjánsdóttir, Stefán Pálsson, Þórhildur Lilja Hafsteinsdóttir, Pétur Hjörvar Þorkelsson, Kolfinna Jóhannesdóttir, Guðný Rún Sigurðardóttir, Björk Þorgeirsdóttir, Ásdís Arnalds.

	Fundarefni
1.	Skólastarfið á vorönn ÁÁ fór yfir helstu viðburði það sem af er skólahaldi vorannar. Kynnti viðburðinn „Byggjum brýr“ sem er samstarfsverkefni kennara og nemenda á íslenskubraut Framhaldsskólans í Mosfellsbæ og Kvennaskólans og verður haldinn í Kvennaskólanum 15. og 16. maí n.k. BÞ fór yfir ýmsar kannanir sem framkvæmdar eru af skólanum og notaðar eru í sjálfsmati.
2.	Fréttir úr félagslífi nemenda Kosið var í embætti Keðjunnar, nemendafélags Kvennaskólans 10. apríl s.l. og niðurstöður kosninganna lagðar fram. Nýkjörinn forseti Keðjunnar, Þórhildur Lilja, fór yfir viðburði á vegum nemendafélagsins nú á vorönn.
3.	Fundargerðir kennarafunda Fundargerðir starfsmannafundar 7. mars og kennarafundar 2. maí lagðar fram.
4.	Ársreikningur 2024 Niðurstöður ársreiknings 2024 kynntar.
5.	Starfsmannamál Farið yfir helstu breytingar í starfsmannahaldi fyrir næsta skólaár.
6.	Viðhaldsframkvæmdir Skólameistari fór yfir helstu framkvæmdir sem hafnar eru við aðalbyggingu og hvaða framkvæmdir eru fyrirhugaðar á árinu ásamt því sem lokið er við í Miðbæjarskóla.
7.	Önnur mál Skólameistari greindi frá áformum Listasafns Íslands um að setja upp skúlptúr fyrir framan aðalbyggingu. Skólameistari sagði frá sameiginlegum fundi nýrrar og fráfarandi stjórnar nemendafélagsins og fulltrúa samfélagslögreglunnar um tímasetningu viðburðahalds á vegum nemendafélagsins. Skólameistari ræddi helstu punkta sem hafa verið í umræðunni í tengslum við breytingar á lögum og reglugerðum er varða framhaldsskólann og eru í samráðsgátt stjórnvalda. Eftir 10 ára setu í skólanefnd tilkynnti Stefán Hilmarsson að hann myndi víkja úr nefndinni á þessum tímamarki. Sagði hann þetta hafa verið ánægjulegt skeið, en nú væri góður tími til að fá nýjan aðila inn.
8.	Fleira ekki gert , fundi slitið kl. 15:15.